

# Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG, leikfélagsins og nemendum skólans

haldinn í Urðarbrunni miðvikudaginn 15. febrúar 2017.

**Elísabet Siemsen** (ES) skólameistari setti fundinn og bauð nemendur velkomna. Hún ræddi um það að Opinn fundur væri haldinn einu sinni á önn og væri vettvangur nemenda til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Á vorönn er fundurinn m.a. notaður til þess að kynna Imbruviku og árshátíð nemendafélagsins.

Tinna og Fríða kennarar sem sáu um að skipuleggja Imbruvikuna kynntu skipulag vikunnar og spiluðu myndband til kynningar. Nú eiga nemendur að sækja sex viðburði hver. Það eru tveir viðburðir fyrir hádegi á þriðjudag og tveir eftir hádegi. Svo eru tveir viðburðir fyrir hádegi á miðvikudag. Leikritið verður frumsýnt eftir hádegi.

Nemendur geta skráð sig á viðburði með Appi. Það þarf að borga fyrir suma atburði og eiga nemendur að gera það á skrifstofu skólans. Upplýsingar um viðburði og fleira koma m.a. fram á fésbókarsíðu nemendafélagsins.

Stjórn nemendafélagsins kynnti næst árshátíðina sem verður á miðvikudaginn 22. febrúar. Þemað er diskó og munu nokkrir „artistar“ koma fram þar á meðal Herbert Guðmundsson og Páll Óskar. Miðasala hefst á morgun og fyrst verða eingöngu seldir svokallaðir pakkar þar sem eru miðar á leiksýningu, mat og ball.

Það verður boðið upp á nýjung á árshátíðarkvöldinu þar sem nemendum er boðið í „fyrirpartý“ í matsal kennara. Þar mun Friðrik Dór koma fram og skemmta nemendum eftir matinn í Urðarbrunni og þangað til ballið byrjar. Það verða rútur frá skólanum í Kaplakrika.

Kristjana formaður leikfélagsins kynnti söngleikinn sem verður frumsýndur árshátíðardaginn. Verkið Kalli og súkkulaðiverksmiðjan verður sýnt. Hún sagði að þetta væri mjög flott sýning en því miður hafði hún ekkert myndband til þess að kynna verkið.

Næst á dagsskrá voru önnur mál og var þá opnað fyrir spurningar.

Spurt var hvort hægt væri að panta borð í matnum á árshátíð. ES svaraði að svo væri ekki, en það yrðu nógu mörg sæti og nemendur ættu bara að mæta tímanlega.

Spurt var hvaða forsendur væru fyrir því að banna rafrettur í skólanum. ES svaraði að það væri í skólareglum og þar sem það væri nikótín í þessu þá væri þetta bannað. Skólameistari notaði tækifærið og bennti nemendum sem reykja á að fara þyrfti út af skólalóðinni þar sem það væri bannað að reykja á skólalóðinni og líka á lóð grunnskólans.

Hvenær verður próftaflan tilbúin var næsta spurning eða verða engin próf? Það verða próf og próftaflan verður tilbúin upp úr miðjum mars.

Voru frímínúturnar styttrar til þess að sporna við reykingum af því að það tekur lengri tíma en 5 mínútur að labba svona langt og reykja eina sígarettu? ES: nei, þær voru styttrar til þess að skólanum væri lokið kl. 16.00.

Það kom athugasemd um að maturinn í mötuneyti skólans væri ekki nógu góður ES: Skólinn rekur ekki mötuneytið en hún mun koma þessu til rekstraraðilanna.

ES: Vil benda á að það er bannað að leggja bílum í hringnum fyrir framan skólann. Þetta pláss er ætlað fyrir sjúkrabíla eða slökkvuliðið til þess að komast að skólanum og það er nauðsynlegt að þetta svæði sé autt ef eitthvað kemur upp á.

Spunnust út frá þessu umræður um bílastæði og voru flestir á því að það væru næg bílastæði í flestum tilfellum við skólann. En spurning um að mála örvar á bílastæðið þannig að hægt sé að sjá í hvora áttina á að aka.

Nemandi talaði um að það væri of mikill hávaði á bókasafninu og það væri ekki hægt að læra þar. Síðan var það tengt við það að það væru of fáir sófar í skólanum og nemendur hefðu ekki möguleika á að sitja annars staðar en á bókasafninu og þess vegna söfnuðust þau þar.

Enn einu sinni ræddi nemandi um slæma umgengi í mötuneytinu og spurði nemendur hvort þeir ætli aldrei að þroskast? ES tók undir þessi orð og spurði hópinn hvað getum við gert til að bæta umgengni?

Nemandi talaði um að gólfið í leiklistarsal væri ekki nógu hreint, þau eru að velta sér upp úr gólfinu og þá sjá þau rykið á fötunum sínum.

Umferð á morgnana mjög mikil við skólann og erfitt að mæta á réttum tíma þess vegna. ES sagði þeim að eina leiðin væri að leggja fyrr af stað. Þá var spurt af hverju getur skólinn ekki byrjað kl. 8.30. ES taldi það ekki hafa neitt að segja, við hefðum byrjað kl. 9.00 í mörg ár og það var alveg jafn mikið um seinkomur

nemenda. Síðan byrjar Hofstaðaskóli líka kl. 8.30 og það myndi ekki léttu aðkomuna að skólanum að vera á sama tíma.

Spurt var hvort hægt væri að bæta netsamband í skólanum. ES sagði að skólinn væri alltaf að reyna að bæta netsambandið en það virðist vera að notkunin aukist hraðar. Ætlar að tala um þetta við Guðmund netstjóra.

Má smiðjan vera í síðasta tíma á daginn? ES: nei, það gaf ekki góða raun, mæting í smiðjutíma er mikið betri eftir að smiðjan var flutt. Smiðjutímarnir eru þjónusta sem skólinn er að veita nemendum og það borgar sig að notfæra sér þá þjónustu.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10.50

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri ritaði fundargerð.